

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Krókatún 22-24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Akraness þann 13. september 2016 breytingu á deiliskipulagi Grenja, hafnarsvæði H3, vegna lóðarinnar nr. 22-24 við Krókatún. Í breytingunni felst að snúa byggingalínu sem myndar 33° horn í 45° horn. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breiðargata Breið, lnr. 132361.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Akraness þann 27. september 2016 breytingu á deiliskipulagi Breiðar vegna lóðarinnar Breiðargata Breið, lnr. 132361. Í breytingunni felst að færa byggingarreit undir þjónustuhús. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 28. september 2016.

Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 29. september 2016